

um, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Gísli Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, Skúli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson, Björgvin Jónsson, Sigurvin Einarsson, Eiríkur Þorsteinsson, Alfreð Gíslason, Ásgeir Bjarnason, Gunnar Jóhannsson, Friðjón Skarphéðinsson, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.

Greinargerð.

Að undanfögnu hefur talsvert verið rætt og ritað um það, hvernig skuli fara með hið forna biskupssetur Skálholt. Maður spyr mann, en enginn getur svarað spurningunni um framtíð Skálholts. Allmargar uppástungur hafa komið fram um að setja þar á fót stofnanir, sem mönnum þykir hæfa staðnum og fornri frægð hans. Kirkja há og tíguleg er risin þar af grunni hinna fornu dómkirkna, og veglegt íbúðarhús hefur þar verið reist.

En hver á að búa í þessu húsi, og hver á á helgum stundum að standa fyrir altari hinnar tignu kirkju og láta kristinn boðskap hljóma innan veggja hennar? Þannig er hugsað, og þannig er spurt.

Gissur biskup Ísleifsson lét reisa kirkju í Skálholti, þrítuga að lengd, og vígði hana Pétri postula. Hann lagði kirkjunni til mörg gæði, bæði í löndum og lausafé, og kvað á síðan, að þar skyldi ávallt biskupsstóll vera, meðan Ísland væri byggt og kristni má haldast.

Þau verk, sem verið er að framkvæma á hinu forna biskupssetri og bráðlega verður lokið og kosta munu allmikið fé á íslenzkan mælikvarða, virðast við það miðuð, að biskupsstóll landsins verði aftur fluttur í Skálholt og þannig farið eftir fyrirmælum þeim, er fylgdu gjöf Gissurar biskups.

Það er vel farið, að svo var á málum haldið við endurreisn staðarins, að sá húsakostur, sem þar hefur verið reistur, gæti hæft hinu tigna embætti biskupsins yfir Íslandi. Öll nútímabægingi eru fyrir hendi á staðnum: Vegir í allar áttir. Brú yfir hið mikla fljót Hvítá. Sími, raforka, jarðhiti. Læknir búsettur hið næsta. Fjölbyggt og frjósamt hérað umhverfis. Fjarlægð frá höfuðstað landsins tæplega tveggja tíma akstur í bifreið. Ró og tign íslenzkrar náttúru hvílir yfir staðnum, og sögulegar minningar vakna þar við hvert fótmað.

Hinar kirkjusögulegu minningar, sem tengdar eru Skálholti, og sú lind guðstrúar og mennta, sem þaðan streymdi, var aflvaki íslenzku þjóðarinnar um dimmar aldir ánauðar og öreigamennsku undir útlendu valdi; þar sem kirkjan var hin guðlega móðir þjóðarinnar og hennar ljós í lágu hreysi.

Við slíka háborg íslenzkrar menningar sem Skálholt var á liðnum öldum hefur þjóðin skyldur að rækja — skyldur við fortíðina og við sjálfa sig í nútíð og framtíð.

Telja má vist, að með tíð og tíma byggji þjóðin upp á hinum sögulega stað fjölþætt menntasetur, eftir því sem þörf þjóðarinnar krefur og geta leyfir. En byrjunin hlýtur að verða sú að flytja biskup hinnar íslenzku þjóðkirkju í Skálholt og gefa staðnum þannig aftur það líf og þá tign, sem hann áður hafði í vitund kynslóðanna. Konungstilskipun frá 29. apríl 1785 kvað svo á, að biskupsstóllinn skyldi færður frá Skálholti og settur niður í Reykjavík. Konungstilskipunin er í raun og veru freklegt brot gegn sögulegri hefð og grundvallarrétti kirkjunnar, eins og Gissur biskup lagði hann með góðu samþykki allra í upphafi hinar kristnu kirkju sem stofnunar hér á landi. Skylda Alþingis til að gera fyrirmæli Gissurar biskups gildandi að nýju er því augljós. Og telja má vist, að söguþjóðin, sem byggir þetta landi, mundi fagna slíkri ráðstöfun af hendi hins aldna löggjafarþings.

Skálholt er í sögu og samtíð eign allrar þjóðarinnar. Ný vegsemd Skálholts eykur frama hennar og getur orðið kirkju landsins nýr aflvaki og stutt og eflt andlegt líf og siðræna menningu komandi kynslóða.

Nú, þegar farið er að sjást fyrir endann á því, að lokið verði hinum miklu byggingum í Skálholti: kirkju og biskupssetri, þá þykir flutningsmönnum þessarar tilögu orðið meira en tímabært, að Alþingi ákveði, að biskup landsins hafi aðsetur í Skálholti.

Tillaga til þingsályktunar um flutning biskupsstólsins að Skálholti var á síðasta þingi borin fram af nokkrum þingmönnum úr öllum flokkum, en var ekki tekin fyrir, enda kom hún ekki fram fyrr en nokkuð var áliðið þings. Fylgdi henni greinargerð sú, sem hér er nú prentuð sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Það er söguleg staðreynd, að Skálholt var biskupssetur og eign stólsins frá því á dögum Gissurar biskups Ísleifssonar á ofanverðri 11. öld þangað til 1. og 3. gr. a konungstilskipunar frá hinum 29. apríl 1785 skipa svo fyrir, að færa skuli setrið til Reykjavíkur og reisa þar nýtt biskupssetur m. m.

Að visu sat Ísleifur biskup Gissurarson í Skálholti, en það var föðurleifð hans. Er hann gerðist biskup, hinn fyrsti hérlendra, varð hann að slíta sambúð sinni við konu sína, Döllu Þorvaldsdóttur, en hún vildi búa á hálfu landi, og segir í Ísleifspætti, að um óhægindi hafi verið að leika með mönnum og skipt fjám með þeim. Í Hungurvöku segir og, að Gissur, sonur þeirra, hafi eigi haft allt til ábúðar í Skálholti, af því að móðir hans vildi búa á sínum hluta landsins, meðan hún lifði. En eftir andlát hennar eignaðist Gissur allt landið og lagði það til kirkjunnar, er hann lét reisa og vígði Pétri postula. Þessar tvær heimildir eru því samhljóða um meginefni og brjóta ekki í bág við hina eldri heimild Ara fróða í Íslendingabók, sem segir, að Gissur hafi látið í lög leggja, að stóll biskups, er á Íslandi væri, skyldi í Skálholti vera, en áður var hvergi, og lagði hann til stólsins Skálholtsland og margs konar auðæfi önnur, bæði í löndum og lausum aurum. Af skiljanlegum ástæðum eru nærri samhljóða heimildir í Kristnisögu og Haukdælspætti, þar sem þær munu styðjast við Íslendingabók.

Gissur Ísleifsson stofnar þannig til biskupsstóls hér á landi í eiginlegum skilningi, og til þess, að mál það nái fram að ganga, gefur hann fyrst og fremst ættaróðal sitt, svo að fullnægt verði kirkjulegu lögmáli, að biskup hafi fast aðsetur.

Um aldirnar er Skálholt hinn mikli miðdepill menningar- og athafnalífs, auk þess sem það er aðalstöðvar kirkjuhöfðingjanna. Í augum landsmanna lagði ætíð meiri ljóma af Skálholtsstað en nokkrum öðrum, að Hólastað frágengnum. Siðaskiptin öllu hér engri breytingu á, og jafnvel er ekki trútt um, að menn hafi rennt vonaraugum til Skálholts í hörmungum 18. aldarinnar og skyggnt þá merki forns frelsis og fornrar frægðar, er þjóðin var að því komin að glata sjálfri sér. Því skal ekki heldur gleymt, að í Skálholti voru fyrst prentuð öndvegisrit islenzkrar sagnaritunar.

En hörmungar og niðurlægning 18. aldar leiddu m. a. af sér, að eftir Móðuharðindin var svo komið, að Skálholtsstaður var hálfvallinn og þurfti mikillar endurreisnar við, þótt þar sætu hinir merku feðgar Finnur og Hannes biskupar. Enn fremur voru nýir tímar að færaðast í hönd. Reykjavík var þá þegar ákvörðuð til þess að vera aðsetur stjórnarvalda hérlendis. Og hinn mikli jarðarstóll Skálholts var um árabíl til óhæginda vegna slæmrar aðstöðu almennt til búskapar.

Auk þess má og benda á skoðanir þær, sem ofarlega voru í Danmörku, um að gera sem flesta bændur að sjálfseignarbændum. Úr þessu öllu verður svo það, að stóll og skóli verða fluttir til Reykjavíkur, og hefst þá fullkominn eymdartími í sögu Skálholtsstaðar. Gripir dómkirkjunnar tvístrast og glatast flestir; sjálf er hún rifin, komin að hruni, eftir að sóknarpresturinn hefur neitað að messa í henni.

Það er þó bærilegra að koma heim að Hólum, þar sem tókst að reisa stóra og myndarlega dómkirkju úr steini, er enn stendur og tengir nútímann við liðna sögu.

Reyndar hafði Finnur biskup leitað til stjórnarvalda um það að reisa steinkirkju í Skálholti, þar sem undirstaðan væri þar öllu betri en á Hólum. Úr því varð ekki. Og því fór sem fór, að Skálholt hefur verið í hinni mestu niðurlægingu fram á síðustu ár, að stjórnarvöld hafa hafið þar mikla endurreisn fyrir fé, sem Alþingi hefur veitt til þeirra mála.

Tilskipunin hinn 29. apríl 1785 gerði í 1. gr. ráð fyrir, að biskupssetrið væri flutt til Reykjavíkur, en 3. gr. a, að biskup hefði lánsheimild allt að 1200 rd. til að reisa bústað fyrir, sem áttu svo að hvíla á embættinu. Enn fremur mátti hann kjósa eina af jörðum kóns í Gullbringu- og Kjósarsýslu sér til hlunninda og að auki

eina af stólsjörðum handa biskupsekkju, ef væri, ella svari hann sjálfur til jarðarinnar gegn afgjaldi. Framkvæmd á þessu varð engin, því að Hannes biskup kaus að sitja í Skálholti, sem hann keypti sjálfur. Eftirmaður hans, dómkirkjupresturinn í Reykjavík, Geir Vídalín, varð eigi heldur aðnjótandi ákvæða tilskipunarinnar 1785. Sótti hann eftir á ýmsum tímum að fá Bessastaði eða Elliðavatn fyrir stólsetur, en úr því varð ekki. Hann sat á Lambastöðum til 1806, er hann fékk leigt hús það, er Petrens kaupmaður átti í Aðalstræti, þar sem nú er nýlenduverzlun Silla og Valda, og var loks fenginn konungsúrskurður um kaup á því húsnæði til bráðabirgða frá 22. sept. 1822 fyrir 500 rbd. seðla. Ekki var hærra risið þá, og höfðu þó gerzt miklar breytingar enn, því að 1801 voru biskupsdæmin fornu sameinuð og Geir þannig síðastur Skálholtsbiskup, ef telja skyldi, og fyrsti biskup yfir Íslandi.

Breytingin 1801 leiddi af sér, að Norðlendingar misstu í senn stól og skóla, og komu þar engar bætur fyrir. Stóls- og skólaeignir voru allar seldar, en andvirðið hvarf í hinni almennu verðfellingu. Þá höfðu Norðlendingar haft sinn biskup samfleytt frá 1106, og reyndar fyrr, því að um daga Ísleifs biskups dvaldist Bjarnharður biskup saxlenzki um 20 ára skeið á Norðurlandi, en minningin um það knúði fram kröfuna um biskup, er var fullnægt með vígslu Jóns helga Ögmundssonar 1106.

Steingrímur biskup Jónsson vildi eðlilega ekki una við að vera hálfgildings niðursetningur í Reykjavík, og hinn 2. apríl 1825 var fenginn konungsúrskurður um, að reisa skyldi biskupssetur. Hinn 5. apríl 1826 er úrskurðað, að það skyldi reist í Laugarnesi. Hinn 28. sept. 1838 var svo úrskurðað, að Laugarneslandið skyldi allt keypt vegna biskups. Á Laugarnesi hafði þá verið reist með miklum kostnaði biskupssetur, en mörgum er kunnugt, hvernig tókst með smíð þá. Allt eyðilagðist í raka vegna þakleka, og fóru leikar svo, að hinn 8. apríl 1856 er leyft, að biskupinn flytji til Reykjavíkur og fái 200 rd. í húsaleigustyrk árlega, en Laugarnesið selt, þótt erfiðlega gengi. Upp frá því hefur biskup Íslands setið í sjálfri Reykjavík og notið húsaleigustyrks, nema þau fáu ár, sem stjórnarvöld fengu biskupnum ríkisjóðseignina Gimli til íbúðar.

Þetta ástand er ekki viðunandi til lengdar. Flutningur stólanna og sala stóls eignanna á sínum tíma voru ekki sprottin af neinum illvilja. En hinn mikli sjóður, sem myndaðist við söluna, varð að engu vegna verðfalls peninga í og eftir Napóleonsstyrjaldirnar. Og bygging Laugarnesstofu tókst með eindæmum.

En þetta hefur einnig haft þau áhrif, að tign biskups hefur sett ofan, og eftir að framkvæmdavaldið færðist heim til landsins, hefur þróunin orðið sú, að biskup er fjarri því að vera fullvalda um ýmis veraldleg mál kirkjunnar.

Skálholt og Hólar eru ásamt Þingvöllum, Odda og Reykholti sennilega þeir staðir, er hæst ber í hugum innlendra sem erlendra manna.

Og nú hefur Skálholt á áþreifanlegan hátt tengt saman fortíð og nútíð. Sennilega gleymir því enginn, er viðstaddur var, er kista Páls biskups Jónssonar var opnuð. Þá gerði úrhelli rétt eins og daginn, er útför hans fór fram. Og er lokið var tekið af kistunni, sáu menn kaldan tíguleik dauðans og fundu ofurþunga sögunnar. Þá fundu menn tengsl, raunveruleg og sterk, við hina liðnu fortíð. Og orð Páls sögu biskups fengu þá áþreifanlega sönnun og staðfestingu, og heinin, er lágu í nekt sinni, töluðu sínu sterka máli. Það var og sögu ríkara að sjá og skynja, hversu feikistór kirkjan forna hafði verið. Og eins stór var og reyndar Hóladómkirkja hin forna.

Á Norðurlöndum hefur viðreisn Skálholts fengið glæsilegan byr. Kirkjur Norðurlanda hafa gefið góðar og miklar klukkur, 4 að tölu, silfurstjaka og annan altarisbúnað og font úr færeysku grjóti. Einstaklingar í Danmörku hafa gefið altarisöflu skorna, vandað pípuorgel, glermálverk í alla glugga kirkjunnar, einstaklingar í Noregi trjávið, þilplötur og hellur á allt þak kirkjunnar. Og von er á fleiri gjöfum erlendis frá.

Það má með sönnu segja, að fá innlend málefni hafa fengið jafnvirkan stuðning erlendis frá eins og endurbygging Skálholts.

Endurreisn biskupsstóls í Skálholti gerir kleift að bæta fyrir það, sem tjón var að. Þar er hinn virðulegasti staður, sögustaður, er allir þekkja, sem er hið rétta aðsetur biskups og veitir embættinu stoð og stuðning liðinna alda.

Það var heppileg ráðstöfun, að æðsta manni þjóðarinnar skyldu fengnir Bessa- staðir til ábúðar. Og hið mikla endurreisnarstarf í Skálholti gerir það kleift að búa að öðru mesta og elzta virðingarembætti þjóðarinnar þar á viðeigandi hátt. Ýmsum kann að finnast, að óhyggilegt sé að setja biskup Íslands niður í sveit. Svo er ekki. Það er einn liður í því að gera kirkjuna óháðari ríkisvaldinu (enda liggur annar liður hér fyrir í frumvarpi því um kirkjuþing og kirkjuráð, sem Alþingi fjallar um þessa dagana. Það er óhyggilegt, hættulegt og vart viðeigandi að binda allar menningarmiðstöðvar við Reykjavík. Styrkur hefur það verið Svium að halda Uppsölum og Englendingum Kantaraborg sem höfuðstöðvum kirkna sinna. Og fyrir biskupsstólinn hér á landi mundi flutningur hans að þeim stað, er Alþingi á sínum tíma ákvað sem stólsetur, merkja aukna virðingu og aukið sjálfstæði. Með þeim flutningi er bætt fyrir fornar syndir og mistök og biskupnum sköpuð viðeigandi aðstaða og aukin virðing.